

Sp.

524. Tillaga til þingsályktunar

[243. mál]

um fjárstyrk vegna þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikum.

Flm.: Ellert B. Schram, Matthias Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita fé úr ríkissjóði til að standa undir óhjákvæmilegum og nauðsynlegum kostnaði við undirbúning og þátttöku íslenzkra íþróttamanna í Ólympíuleikunum í München í sumar.

Fjárveiting skal ákveðin að fengnum tillögum Ólympíunefndar Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Greinargerð.

Allar líkur eru nú á, að allmargir íslenzkir íþróttamenn og hópar ávinni sér rétt til þátttöku í Ólympíuleikunum, sem fram fara í München í Vestur-Þýzkalandi á sumri komanda.

Nú þegar hafa m. a. íslenzkir handknattleiksmenn tryggt sér þátttöku í leikunum með glæsilegri frammistöðu í undankeppni á Spáni á dögnum. Frjálsíþróttafólk, sundfólk, lyftingamenn o. fl. hafa ýmist nú þegar eða eru í þann mund að ná þeim lágmarksárangri, sem krafist er í viðkomandi íþróttagreinum.

Að sjálfsögðu kemur ekki annað til greina en það íþróttafólk, sem ávinnur sér rétt til þátttöku, mæti til keppni fyrir Íslands hönd á þessum leikum.

Það er sómi hverrar þjóðar að eiga fulltrúa á þessari miklu íþróttahátíð, og skiptir þá minna máli, hver árangur verður.

Af fjárhagsástæðum sá íslenzk íþróttahreyfing sér ekki fært að senda þátttakendur í Vetrar-Ólympíuleikana í Japan í vetur, enda þótt íslenzkir íþróttamenn hefðu vissulega átt þangað fullt erindi. Var það mjög miður og má sannarlega ekki endurtaka sig.

Á fjárlögum fyrir árið 1972 er varið fé til þátttöku í Ólympíuleikum, 250 þús. kr., en þegar er ljóst, að það fé dugir hvergi til að standa straum af beinni þátttöku, hvað þá meir.

Auk þess að tryggja þann sjálfsagða hlut, að íslenzkir íþróttamenn, sem til þess hafa unnið, geti farið til keppni sem fulltrúar þjóðarinnar, hlýtur það að vera metnaðarmál okkar, að þeir séu sem best undir þá keppni búnir.

Hjá veflestum þjóðum er hvergi til sparað við æfingar og undirbúning íþróttamanna, og þótt við Íslendingar getum ekki lagt eins mikið af mörkum og gert er þar, sem íþróttamennska er stunduð af atvinnumönnum, þá eigum við í skjóli okkar áhugamennsku að tryggja sómasamlegan undirbúning og sjá svo um, að íþróttamenn verði ekki beinlínis fyrir fjárhagslegum útlátum, vegna undirbúnings og þátttöku þeirra í Ólympíuleikunum.

Íslenzkt íþróttafólk hefur margsinnis verið þjóð sinni til sóma og aukið hróður sinn og lands síns í alþjóðlegum íþróttamótum með framkomu sinni og sönnum íþróttanda.

Ólympíuþátttakan ein sem slík er hvatning íslenzku íþróttafólki, og stórbættur árangur þess í flestum íþróttagreinum verðskuldar þátttöku þess á þeirri hátíð, sem nú er fram, undan.

Nú þegar eru uppi raddir, sem benda á, að nægileg fjárveiting sé ekki fyrir hendi og að íþróttahreyfingin sem slík, hafi ekki bolmagn til að kosta stóran hóp til München.

Áætlað er, að kostnaður við þátttöku í Ólympíuleikunum, miðað við allt að 40 manna hóp, verði ekki undir 3 millj. kr.

Spurt hefur verið, hvort fjárveitinganefnd eða ríkissjóður muni ekki hlaupa undir bagga. Það er skoðun flutningsmanna, að það skuli gert, og til að taka af allan vafa um vilja Alþingis er þessi þingsályktunartillaga flutt.